

Fimmtudaginn 18. apríl 1985.

Nr. 265/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ómari Jóhannssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar með stefnu 11. desember 1984, en ákærði vildi una héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 22. febrúar 1985.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til refsíákvæða.

Fram kemur á sakavottorði ákærða, að hann hefur sætt refsingu fyrir ölvun við akstur með dómum 17. júlí 1981, 2. júní 1982 og 7. apríl 1983 (hegningarauki) og auk þess fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 (hegningarauki) með sátt 1. nóvember 1982. Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og með hliðsjón af sakaferli ákærða hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Brot ákærða var framið eftir uppkvaðningu skilorðsbundins dóms 8. júní 1984, en áður en skilorðstíma lauk. Rétt þykir þó að sú skilorðsbinding haldist, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi ævilangt, er hann framdi brot sitt. Ber því samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að árétta, að ævilöng ökuleyfissvipting hans haldist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, en dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ómar Jóhannsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Hann skal vera sviptur ökuleyfi sínu ævilangt.

Hann greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talinn saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarn-
arlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæsta-
réttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. október 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 3. október, er á dómþingi sakadóms Reykja-
víkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn
upp dómur í sakadómsmálinu nr. 472/1984: Ákærvaldið gegn Ómari
Jóhannssyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 26. septem-
ber 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Ómari Jóhannssyni,
verkamanni, Flúðaseli 86, Reykjavík, fæddum á Hafranesi, Fáskrúðsfjarð-
arhreppi, 22. mars 1948, fyrir að aka, sunnudaginn 26. ágúst 1984, undir
áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-53779 frá
pósthúsinu í Búðahreppi að bænum Kappeyri í Fáskrúðsfjarðarhreppi.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr.,
sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar
til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls
sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum
sem hér segir:

1969 14/3 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt f. brot á 25. gr. umfl. Sviptur
ökuleyfi í 2 mán. frá 27.1. 1969.

1981 17/7 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr., 26. gr. og
37. gr. umfl. Sviptur ökuréttindum í 12 mán. frá 12.6. 1981.

1982 2/6 í Reykjavík: Dómur: 30 daga varðhald, skb. 2 ár, og 12.000
kr. sekt f. brot g. 259. gr. hgl., 25. og 27. gr. umfl. Sviptur
ökuleyfi ævilangt.

1983 7/4 í Reykjavík: Dómur: 9.000 kr. sekt f. brot g. 25. og 27. gr.
umfl., hegn. auki.

Í ákæru og sakavottorði ákærða er hann talinn fæddur á Hafranesi, en
að sögn ákærða á þar að standa Hafnarnesi.

Málavextir.

Ákærði hefur hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt að hafa sunnudaginn 26. ágúst 1984 ekið bifreiðinni, R-53779, frá pósthúsinu að Búðum í Fáskrúðsfirði að bænum Kappeyri í Fáskrúðsfjarðarhreppi.

Blóðsýni, sem tekið var úr ákærða, reyndist við rannsókn hafa að geyma 2.28‰ af alkóhóli. Ákærði var með dómi 2. júní 1982 sviptur ökuleyfi ævilangt.

Niðurstöður.

Með viðurkenningu ákærða, niðurstöðu blóðrannsóknar og öðrum gögnum í máli þessu telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsíákvæða.

Dómar frá 2. júní 1982 og 7. apríl 1983 hafa ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar og annarra viðurlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða rétti til ökuleyfis ævilangt frá dómsbirtingu.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ómar Jóhannsson, greiði 20.000 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá dómsbirtingu, en sæti ella 20 daga varðhaldi.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.